



Samskiptasáttmáli Fjölmenningarseturs

Jákvætt viðmót og virðing

Við berum virðingu fyrir þeim sem til okkar leita og hvert fyrir öðru með því að sýna tillitssemi, kurteisni, góðvild, umburðarlyndi og sanngirni. Við högum samskiptum okkar í samræmi við gildi embættisins og erum þannig góðar fyrirmyndir. Við vöndum okkur í samskiptum.

- Við bjóðum ávallt góðan dag, kveðjum í lok dags og þökkum fyrir okkur
- Við virðum rétt mismunandi skoðanna
- Við komum fram við alla sem jafningja
- Við komum fram af heilindum og gerum ráð fyrir að fólk vilji vel
- Við tölum vel um hvort annað
- Við ástundum opin og uppbyggileg samskipti og fyrirgefum mistök
- Við tökum okkur ekki of alvarlega
- Við erum jákvæð og komum með góða skapið, gleði, og glettni í vinnuna
- Við leggjum okkur fram um að ganga frá eftir okkur og sýnum snyrtimennsku í allri umgengni

Umhyggja og skilningur

Við látum vita af því sem vel gengur, hrósum af einlægni fyrir vel unnin störf og gott viðmót og hvetjum hvert annað. Við erum hreinskilin og heiðarleg hvert við annað, bendum á það sem betur má fara með uppbyggilegum hætti og erum vakandi fyrir líðan samstarfsfélaga.

- Við sýnum mildi og æðruleysi og veitum hvert öðru stuðning og umhyggju þegar á þarf að halda
- Við getum leitað til samstarfsfélaga
- Við berum virðingu fyrir þekkingu, kunnáttu og störfum hvers annars
- Við mætum vinnufélögum og verkefnum með jákvæðni, umburðarlyndi og sveigjanleika

Jafnræði og fagmennska

Við leggjum okkur fram í störfum okkar og gætum jafnræðis í hvívetna. Við erum öll í sama liði; við hjálpumst að, við stöndum saman, við styðjum hvert annað, treystum hvort öðru og höldum góðu upplýsingaflæði.

- Við förum vel með eigin tíma og tíma annarra
- Við getum leitað til samstarfsfélaga
- Við berum virðingu fyrir þekkingu, kunnáttu og störfum hvers annars
- Við mætum vinnufélögum og verkefnum með jákvæðni, umburðarlyndi og sveigjanleika